

Fundargerð FORMA 16. september 2024

Fundur settur kl. 16:15.

Mætt: Björn Leifur Þórisson, Erla Björg Guðmundsdóttir, Erna Kristín Kristjánsdóttir, Lilja Rögnvaldsdóttir, Auður B Ólafsdóttir og Rannveig Ernudóttir,

- Þetta var fyrsti fundur FORMA með nýrri stjórn fyrir skólaárið 2024 – 2025. Stjórnina skipa Björn Leifur Þórisson, Erla Björg Guðmundsdóttir, Erna Kristín Kristjánsdóttir, Hanna Guðbjörg, Lilja Rögnvaldsdóttir, Auður B Ólafsdóttir og Rannveig Ernudóttir.
- Sandra Sif Ragnarsdóttir náms- og starfsráðgjafi MA situr fundi og er tengiliður skólans við foreldrafélagið.
- Rætt var um hlutverk félagsins og gott væri að útbúa fundaáætlun fyrir skólaárið.
- Kynnt var samkomulag sem FORMA hefur gert við Huginn skólafélag um samskipti lögráða og ólögráða nemenda við Menntaskólann á Akureyri undanfarin ár og mun FORMA óska eftir því við Huginn Skólafélag að þetta verði gert fyrir þetta skólaár. Sandra ætlar að heyra í skólafélaginu.

Fundi slitið kl. 17:15.

Fundargerð FORMA 4. nóvember 2024

Fundur settur kl. 16:15

Mætt: Erla Björg Guðmundsdóttir, Erna Kristín Kristjánsdóttir, Lilja Rögnvaldsdóttir, Auður B. Ólafsdóttir og Sandra Sif Ragnarsdóttir

Fíkniefnaneysla ungmenna

- Foreldrafélagið hefur miklar áhyggjur hvað sé búið að normalisera fíkniefnanotkun að mörgu leyti og hversu auðvelt aðgengi er að fíkniefni. Foreldrafélagið telur þörf á efla fræðslu og forvarnir vegna neyslu ávana og fíkniefna. Stefna á að bjóða upp á fyrirlestur fyrir foreldra tengt þessu.
- Fá Lögregluna á næsta fund og ræða um breyttan heim, eins og hversu greitt aðgengi er fyrir ungmenni að verða sér úti um fíkniefni, neysla ungmenna, aukinn vopnaburður og ofbeldi ungmenna.

Skólaskipulag

- Rætt var um það sem kom fram á kennarafundi þann 30.október, stefna sé að stytta skóladaginn og skipta honum í kennslustundir og vinnustofur. Einnig eru hugmyndir um að fækka kenndum tímum en að auka vinnustundir undir leiðsögn kennara.

Mötuneytið á vistinni

- FORMA barst erindi varðandi óánægju með matinn í mötuneytinu og af hverju íbúar geti ekki valið hvort þeir skuldbindi sig að greiða fyrir eina eða tvær máltíðir á dag. Heimavistarráð gerði óformlega könnun og kom þá í ljós að almennt er ánægja með matinn en kvartanir snúa aðallega að matnum á kvöldin og um helgar. Matur þykir þá ólystugur og virðist aðallega vera afgangar um helgar.
- Rætt var um að það sé mikilvægt að nýta matinn og koma í veg fyrir matarsóun en það sé líka mikilvægt að koma á móts við íbúa á vistinni þannig þeir fari ekki svöng að sofa.

Fundi slitið kl. 17:10

Fundargerð FORMA 28. apríl 2025

Fundur settur klukkan 16:30.

Mætt: Björn Leifur Þórisson, Erla Björg Guðmundsdóttir, Erna Kristín Kristjánsdóttir, Lilja Rögnvaldsdóttir, Auður B Ólafsdóttir og Rannveig Ernudóttir og Sandra Sif ragnarsdóttir.

- FORMA fékk lögregluna á fund, þau Guðmundur og Nana komu og kynntu samfélagslöggæslu en markmið hennar er að efla traust og tengsl við samfélagið. Samfélags Lögreglan heimsækir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, félagsmiðstöðvar, fyrirtæki, stofnanir og félög til að miðla upplýsingum um öryggi og forvarnir.
- Markmið fundarins var að fá lögregluna til þess að til þess að ræða um breyttan heim, eins og hversu greitt aðgengi er fyrir ungmenni að verða sér úti um fíkniefni, neyslu ungmenna, aukinn vopnaburð og ofbeldi ungmenna.
- FORMA vill endilega að samfélagslögreglan komi með fræðslu fyrir nemendur og foreldra í MA, ekki gafst tími fyrir það þess önn. Það verður skoðað þegar skólinn hefst í haust. Mikill áhugi er hjá FORMA á að koma inn með þá fræðslu sem samfélagslögreglan hefur verið að bjóða upp á.
- Samfélagslögreglan er með það markmið að vera sýnilegri og fylgjast vel með þar sem ungmenni safnast saman og eru að drekka áfengi eins og í Kjarnaskógi.
- Guðmundur og Nana töluðu um hvað það væri auðvelt fyrir ungmenni að verða áfengi og fíkniefnum og töluðu um hvaða leiðir voru farnar til þess.
- Lögreglan nefndi að ungmenni geri sér ekki alltaf grein fyrir alvarlegum afleiðingum þess að bera hníf, þar sem það getur skapað hættu fyrir þau sjálf og aðra. Lögreglan hefur því verið að fræða þau um að samkvæmt vopnalögum er óheimilt að bera hnífa með blaði sem er lengra en 12 cm og getur slíkt brot haft refsingu í för með sér.

Fundi slitið kl. 18:00